

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Alþingi, Iðnaðarnefnd
Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 135/2595
komudagur 8.5.2008

Ísafirði 8. maí 2008

Umsögn til Alþingis frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga.

Iðnaðarnefnd Alþingis, 17. apríl 2008. Ósk um umsögn um þingsályktunartillögu um undirbúning þjónustumiðstöðvar vegna olíuleitar á Drekasvæði. Þingskjal 537 – 329. mál.

Í markmiðum er tillögunnar tilgreint að ríkisstjórninni verði falið að aðstoða sveitarfélögin Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppa við að undirbúa og kanna þörf á þjónustumiðstöð vegna skipa sem kæmi til með að leita olíu á Drekasvæði. Finnist olía og eða gas, þá nýtist aðstaðan til þjónustu við svæðið.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga styður við þessa þingsályktunartillögu enda lýsir hún vilja Alþingis að stjórnvöld geri þeim landssvæðum sem búa og hafa búið við samdrátt og einhæfni atvinnulífs að skoða alla mögulega í atvinnumálum og byggja á staðarkostum þeirra. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga telur einnig að stuðningur við tillögunna gefi einnig til kynna vilja Alþingis til úrvinnslu afurða úr hráolíu og eða gasi hér á landi.


Ákaflega mikilvægt er einnig að stjórnvöld hefjist nú þegar handa við að undirbúa þjónustumiðstöð á Vestfjörðum fyrir þjónustu við Austur-Grænland og reyndar Grænland í heild sinni. Alþingi fól ríkisstjórninni með þingsályktun vorið 2007 að gera úttekt á möguleikum slíkrar miðstöðvar.

133. löggjafarþing 2006–2007.

Þskj. 825 — 553. mál. *Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera úttekt á möguleikum þess að efla norðanverða Vestfirði sem miðstöð þjónustu við vaxandi fiskveiðar við Austur-Grænland og skoða sérstaklega þann kost að þjónustumiðstöð og umskipunarhöfn fyrir siglingar í Norðurhöfum verði á Vestfjörðum. Háft verði náð samráð við heimamenn við gerð úttektarinnar.*

Spár um gífurleg umsvif á og við stendur Grænlands vegna náma- og olíuvinnslu, með hliðsjón af staðsetning Vestfjarða í miðju þess svæðis sem heimsviðskiptin horfa nú til, eru hvatning til þess að Ísland sýni mikið frumkvæði í þessum efnum. Miklir möguleikar eru einnig á sviði ferðaþjónustu í þessu sambandi.

Fjórðungssamband Vestfirðinga


Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri